**33**
**24. febr.**

| | | Í peningum. | | Hundrað á | | Alin. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Kr. | Aur. | Kr. | Aur. | Aur. |
| | *F. Skinnavara.* | | | | | |
| 31. | 1 hndr. 4 fjórðungar nautskinns . . . 10 pund á | 13 | 05 | 52 | 20 | 43 |
| 32. | — 6 — kýrskinns . . . — — - | 10 | 94 | 65 | 64 | 55 |
| 33. | — 6 — hrossskinns . . . — — - | 9 | 45 | 56 | 70 | 47 |
| 34. | — 8 — sauðskinns, af tvævetrum og eldri . — — - | 6 | 58 | 52 | 64 | 44 |
| 35. | — 12 — sauðskinns, af veturgömlum og ám — — - | 4 | 78 | 57 | 36 | 48 |
| 36. | — 6 — selskinns . . . — — - | 10 | 67 | 64 | 02 | 53 |
| 37. | — 240 lambskinn (vorlamba), einlit hvert á | » | 31 | 74 | 40 | 62 |
| | *G. Ýmislegt.* | | | | | |
| 38. | 1 hndr. 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, pundið á | 8 | 58 | 51 | 48 | 43 |
| 39. | — 40 — — — óhreinsuðum — - | » | » | » | » | » |
| 40. | — 120 — — fuglafiðri . . . . . 10 pund á | 5 | 87 | 70 | 44 | 59 |
| 41. | — 480 — — fjallagrösum . . . . — — - | » | » | » | » | » |
| 42. | 5 álnir 1 dagsverk um heyannir . . . . . . - | 2 | 40 | » | » | 48 |
| 43. | — 1 lambsfóður . . . . . . . . . . . - | 3 | 73 | » | » | 75 |
| | Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður: | | | | | |
| | *Eptir A. eða í friðu* . . . . . . . . . . . . . . | | | 80 | 14 | 67 |
| | — *B.* — *í ullu, smjöri og tólg* . . . . . . . . . . | | | 59 | 40 | 50 |
| | — *C.* — *í ullartóvöru* . . . . . . . . . . . . | | | 73 | 95 | 62 |
| | — *D.* — *í fiski* . . . . . . . . . . . . . . | | | 81 | 96 | 68 |
| | — *E.* — *í lýsi* . . . . . . . . . . . . . . | | | 24 | 10 | 20 |
| | — *F.* — *í skinna-vöru* . . . . . . . . . . . . . | | | 60 | 42 | 50 |
| | En meðalverð allra landaura samantalið . . . . | | | 379 | 97 | 317 |
| | og skipt með 6 sýnir: **Meðalverð allra meðalverða** . | | | **63** | **33** | **53** |

Reykjavík, 24. dag febrúarmán. 1896.
*J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.*

**34**
**10. marz**

**Brjef landshöfðingja** *til biskupsins* **um niðurlagning kirkna.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra biskup, dags. 27. f. m., og þar með fylgjandi skilríki, vil jeg hjer með eptir tillögum yðar og samkvæmt lögum nr. 3 frá 27. febr. 1880, 4. gr., sbr. lög nr. 5, frá sama degi, 12. gr., samþykkja, að sóknarkirkjurnar að Hvoli og Staðarhóli í Dalaprófastsdæmi verði lagðar niður og að í stað þeirra verði ein kirkja byggð að Tjaldanesi fyrir báðar sóknirnar, er sameinist í eina sókn, gegn því að eiganda Tjaldaness sje greitt gjald það, er hann hefur sett upp, sem sje 300 kr. í eitt skipti fyrir öll, eða 12 krónur á ári til ábúandans.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlegast til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.